



beurer

Blóðþrýstingsmælir BM 54




(Úrdráttur úr erlendum leiðarvísium sem fylgja mælinum)




- 1 Mansétta
- 2 Slanga í manséttu
- 3 Tengi á slöngu
- 4 Skjár
- 5 Minnistakkar **M1/M2**
- 6 START/STOP takki
- 7 Áhættu díóður
- 8 Tengill fyrir manséttu

- 1 Klukka / Dagsetning
- 2 Hærri mörk blóðþrýstings
- 4 Lægri mörk blóðþrýstings
- 5 Tákn fyrir hjartsláttartruflanir
- 6 Tákn fyrir púlsinn
- 7 Tákn fyrir notendur
- 8 Áhættu díóður
- 9 Númer á minni (upplýsingar um minni, Meðalgildi ®, Morgunn (AM) Kvöld (PM))
- 10 Lofttæming (ör)
- 11 Tákn fyrir rafhlöðu
- 12 Tákn fyrir Bluetooth yfirfærslu



Umboðsaðili: Pfaff hf, Grensásvegi 13, Rvk.

Manséttan sett á




Staðsetjið manséttuna þannig á beran upp-handlegginn að neðri brún hennar sé ca. 2-3 cm fyrir ofan olnbogann og að slangan snúi niður að lófanum.

Leggið síðan lausa enda manséttunnar þétt en ekki of fast ofan á manséttuna og læsið franska rennilásnum. Manséttan á að liggja þannig að þið getið rennt tveimur fingrum inn undir hana að neðanverðu

Stingið slöngunni síðan í samband við tengið á mælinum.


Manséttan hentar fyrir umfang upphandleggs ef örin á henni ▼ vísar á svæði sem er við OK svæðið. Manséttan hentar handleggjum með umfang 22 til 44 cm.



Ef þið framkvæmið mælinguna á hægri hendi, þá er slangan við innanverðan olnbogann. Gætið þess að hendið liggi aldrei ofan á slöngunni.

Blóðþrýstingur getur verið aðeins mismunandi í hægri eða vinstri handlegg. Mælið ávallt þrýstinginn á sama handlegg

Rétt líkamsstaða er nauðsynleg




Við mælingu er nauðsynlegt að líkamsstaðan sé rétt og best er að sitja í þægilegum stól og láta hendina hvíla á borðplötu.

Það er einnig hægt að mæla í liggjandi stöðu en gætið þess þó ávallt að manséttan sé í svipaðri hæð og hjartað er.

Krossið ekki fætur en látið þá vera flata og þægilega hlið við hlið. Til að mælingin verði sem nákvæmest er nauðsynlegt að þið sitjið eða liggið sem rólegust og talið ekki á meðan mæling fer fram.

Mæling á blóðþrýstingi


Til að ræsa mælinn ýtið þið á **START/STOP** takkann og þá koma öll tákn á skjáinn í stuttan tíma. Eftir 3 sekúndur byrjar mælirinn síðan sjálfkrafa að mæla blóðþrýstinginn.




Með því að ýta á **START/STOP** takkann getið þið hvenær sem er hætt við mælinguna.

Um leið og mælirinn finnur fyrir púlssi kemur táknid fyrir hann á skjáinn 

Mælirinn sýnir nú bæði há og lágþrýsting ásamt púlss



Er kemur á skjáinn ef mælingin hefur ekki tekist eins og ætlast var til. Endurtakið mælinguna.



Með því að ýta á minnistakkana **M1** eða **M2** veljið þið það minni sem þið ætlið að nota fyrir niðurstöðu mælingarinnar. Ef þið veljið ekki minni þá verða niðurstöðurnar settar í það minni sem síðast var notað og viðeigandi tákn minnisins kemur á skjáinn.

Slökkvið nú á mælinum með því að ýta á **START/STOP** takkann og við það færast mæligildin yfir í minnið.

Ef þið slökkvið ekki sjálf á mælinum slekkur hann sjálfkrafa á sér eftir u.þ.b. 30 sekúndur.

Ef **Bluetooth yfirfærsla** hefur verið gerð virk verða gögnin send í **Beurer HealthManager** appið.

Í fyrsta sinn sem þið tengist kemur sex stafa PIN kóði á skjáinn og á sama tíma kemur innsláttarsvið í símann þar sem þið þurfið að skrá þennan kóða. Eftir það er komið samband á milli mælisins og símans. Bluetooth táknið á skjánum blikkar. Mælirinn reynir nú í ca. 30 sekúndur að koma á sambandi við appið.

Þegar samband hefur komist á hættir Bluetooth táknið að blikka og allar upplýsingar verða sendar yfir í appið. Að lokinni yfirfærslu slekkur mælirinn sjálfkrafa á sér.

Ef ekki næst samband við appið á fyrstu sekúndunum slökknar á Bluetooth táknu og mælirinn slekkur sjálfkrafa á sér eftir eina mínútu.

Ef þið gleymið að slökkva á mælinum slekkur hann ávallt sjálfkrafa á sér eftir eina mínútu. Í slíku tilfelli verða Bluetooth gildin geymd í síðast notaða minni mælisins.

Bíðið ávallt í eina mínútu áður en þið mælið á nýjan leik



Áhættu díóðan

Alþjóða heilbrigðisstofnunin (WHO) hefur gefið út gildi þar sem blóð-prýstingur er flokkaður eftir því hve prýstingurinn er mikill:

Hærri prýstingur	Lægri prýstingur	Flokkun	Litur díóðu
≥180	≥110	3 (mikill)	Rauður
160-179	100-109	2 (meðal)	Appelsínugulur
140-159	90-99	1 (mildur)	Gulur
130-139	85-89	Hár en þó eðlilegur	Grænn
120-129	80-84	Eðlilegur	Grænn
<120	<80	Bestur	Grænn

Heimild: WHO 1999 (Alþjóða Heilbrigðisstofnunin)

Vandamál og lausnir á þeim:

Villumelding	Möguleg orsök	Lausn
Er 1	Enginn púls fannst	Endurtakið mælinguna en bíðið í eina mínútu
Er 2	Þið hreyfðuð ykkur	Ekki hreyfa ykkur og ekki tala á meðan á mælingu stendur
Er 3	Manséttan situr ekki rétt	Lagfærið og endurtakið mælinguna eftir eina mínútu
Er 4	Einhver villa hefur komið upp	Endurtakið mælinguna eftir ca. eina mínútu og gætið þess að hvorki hreyfa ykkur eða tala.
Er 5	Dæluþrýstingurinn er hærri en 300mmHg	Reynið aftur og athugið hvort ekki dælist nú rétt í manséttuna
Er 6 	Rafhlöðurnar eru að verða tómar	Setjið nýjar rafhlöður í mælinn.
Er 7 	Ekki er hægt að yfirfæra gögnin með Bluetooth	Farið yfir kaflann “yfirfærsla gagna með Bluetooth”

Tæknilegar upplýsingar

Blóðþrýstingsmælir

BM 54

Mælisvið

Þrýstingur á mansétu 0-250mmHg
Háþrýstingur 50-250mmHg
Lágþrýstingur 30-200mmHg
Púls 40-180 slög á mínútu

Nákvæmni

Háþrýstings $\pm 3\text{mmHg}$
Lágþrýstings $\pm 3\text{mmHg}$
Púls $\pm 5\%$ sýnds gildis

Mæliónákvæmni

Hám. leyfileg standard frávik samkvæmt
klínískum prófunum:
Háþrýstings og lágþrýstings 8mmHg

Minni

2 og hvort um sig með 60 geymslusvæði

Stærð .á mansétu

fyrir 22 til 44 cm umfang

Rafhlöður og líftími þeirra

4 stk. 1,5V AAA rafhlöður
Líftími er fyrir ca. 200 mælingar en þó
háð hæð á blóðþrýsting og/eða þrýsting
fyrir dælu og fjölda Bluetooth
yfirfærslna.

Yfirfærsla með Bluetooth “wireless technology”

Notast við “Bluetooth low energy
technology” -Tíðni 2402 Mhz -
2480MHz. Sendiafköst há. 4dBm.
Samrýmanlegt við Bluetooth 4.0
snjallsíma og spjaldtölvur.